

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 133 – 10.05.2010

Mánudaginn 10. maí, árið 2010, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 15.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Ársreikningur Skagafjarðarveitna ehf 2009.
2. Ákvörðun um aðalfund Skagafjarðarveitna ehf.
3. Trúnaðarmál.
4. Bréf frá ábúanda Reykja í Tungusveit v/ bleikjueldis.
5. Bréf frá Magnúsi Sigfússyni varðandi hitaveitu frá “Dælislaug“ í Fljótum.
6. Veiðiskýrsla um Svartá í Lýtingsstaðahreppi hinum forna.
7. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Kristján Jónasson KPMG Endurskoðun kom á fundin undir þessum lið og kynnti og fór yfir ársreikninga Skagafjarðarveitna ehf fyrir árið 2009.
2. Samþykkt að aðalfundur Skagafjarðarveitna ehf verði miðvikudaginn 23. júní 2010
3. Trúnaðarmál. (sjá trúnaðarbók)
4. Lagt fram bréf dags. 29. apríl 2010 frá Elínu Helgu Sigurjónsdóttur Reykjum þar sem er óskað eftir stuðning vegna stofnkostnaðar við bleikjueldi á Reykjum. Gísli Svan Einarsson hjá Verinu vísindagörðum á Sauðárkróki kom á fundin undir þessum lið til viðræðna um tilraunaverkefnið um bleikjueldi í Skagafirði. Stjórn Skagafjarðarveitna ehf tekur jákvætt í erindi Elínar. Samþykkt að koma á fundi með þeim aðilum sem sýnt hafa áhuga á tilraunaverkefninu.
5. Lagt fram bréf dags. 4. maí 2010 þar sem er farið þess á leit við Skagafjarðarveitur ehf að þær hafi forgöngu um stofnun félags um lagningu hitaveitu frá Dælislaug í landi Langhúsa í Fljótum. Samþykkt að fela Páli að koma á formlegum viðræðum við landbúnaðarráðuneytið um málið.
6. Lögð fram til kynningar veiðiskýrsla um Svartá í Lýtingsstaðahreppi fyrir árið 2009.
7. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.50
Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)
Páll Dagbjartsson (sign)
Pétur Valdimarsson (sign)
Páll Pálsson (sign)